

Umsögn

Til: Borgarráðs

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Frestun dráttarvaxta og innheimtukostnaðar

Vísað er til fyrirspurnar áheyrnarfulltrúa Miðflokksins og Flokks fólksins frá 2. apríl sl. sem barst fjármála- og áhættustýringarsviði þann 18. júní sl., þar sem lögð var fram tillaga um frestun dráttarvaxta og innheimtukostnaðar vegna greiðslufalls fasteignagjalda. Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Flokkur fólksins og Miðflokkurinn leggja til að ekki verði reiknaðir dráttarvextir eða annar aukalegur innheimtukostnaður vegna greiðslufalls fasteignagjalda mars með eindaga 1 apríl. Ljóst er að margir rekstraraðilar, sérstaklega í miðbænum, þar sem meðal annars er mikið af veitingastöðum, kaffihúsum og gististöðum hafa orðið illa úti í því samgöngubanni og fækkun ferðamanna vegna Covid 19 veirunnar. Auk þess hefur greiðslukeðjan rofnað þar sem greiðslu til rekstraraðila hafa ekki borist frá greiðslumiðlunarfyrtækjum. Þess vegna er því beint til borgaryfirvalda að reikna ekki dráttarvexti eða annan innheimtukostnað vegna greiðslufalls fasteignagjalda mars 2020 með eindaga 1 apríl. Nú hefur samgöngubannið verið framlengt og víst að margir munu berjast í bökkum meira en nokkru sinni. Flestir rekstraraðilar eiga í vandræðum núna. Þeir leita eftir þeim lausnum sem ríkisstjórnin hefur boðið upp á í samstarfi við sinn viðskiptabanka. Úrræði Reykjavíkurborgar um að létta af rekstraraðilum fasteignagjöldum frá og með gjalddaga í apríl nýttist ekki eins vel og halda mætti því greiðslufallið er staðreynd. Flokkur fólksins og Miðflokkurinn beina því til Reykjavíkurborgar að ekki verði reiknaðir dráttarvextir eða innheimtukostnaður vegna fasteignagjalda er gjaldfalla frá og með gjalddaga mars 2020 með eindaga 1. apríl 2020.“

Umsögn:

Fasteignagjöld er skattur og leggja sveitarfélög hann á og innheimta skv. lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Í 1. mgr. 32. gr. laganna er kveðið á um að séu gjöld samkvæmt lögunum eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga skuli greiða sveitarstjórn dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Dráttarvextir af fasteignagjöldum eru þannig lögbundin gjöld og verða ekki afnumin nema með lögum. Þá kveður 1. mgr. 33. gr. ennfremur á um að gjöld samkvæmt lögunum, svo og dráttarvexti, megi taka lögtaki sem þýðir að dráttarvaxtakrafa vegna fasteignagjalda er hluti lögveðskrófu ef vanskil verða.

Þann 31. mars sl. samþykkti Alþingi lög nr. 25/2020 um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru. Lögin heimila frestun á allt að þremur gjalddögum fasteignagjalda, sem eiga að koma til greiðslu á tímabilinu 1. apríl til 5. desember 2020, til 15. janúar 2021. Þannig er fyrirtækjum gert kleift að óska eftir frestun á greiðslu allt að þriggja mánaða fasteignagjalda vegna atvinnuhúsnæðis að ákveðnum skilyrðum uppfylltum og á úrræðið aðallega við



um þá sem eiga við verulega rekstrarörðugleika að stríða á árinu 2020 vegna skyndilegs og ófyrirséðs tekjufalls, sem leiðir af almennum samdrætti innanlands og á heimsvísu.

Fjármála- og áhættustýringarsvið fær ekki séð að unnt sé að afnema dráttarvexti vegna vanskila á fasteignagjöldum nema að til komi sérstök lagasetning þar um. Þá skal bent á að eftir að fyrirspurn þessi var lögð fram var gerð breyting á innheimtureglum Reykjavíkurborgar þar sem meðal annars hefur verið lengt í gjalddögum fasteignagjalda ársins 2020 ásamt fleiri úrræðum sem sett hafa verið á laggirnar til að milda innheimtu gjalda. Til nánari skýringa og upplýsinga um tímabundnar innheimtureglur Reykjavíkurborgar er bent á verklagsregluna *FÁST-STE-020* í rekstrarhandbók FÁST, sjá vefslóðina: <http://handbok/openDoc.aspx?docid=12145>.

Haldóra Káradóttir
Sviðsstjóri